

Forsætisráðuneytið
Lækjargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir talsverðum takmörkunum á viðskiptum með jarðir hvort sem er erlendra eða innlendra aðila. Þessar takmarkanir munu umsvifalaus leiða til lækkunar á markaðsverði. Það er staðreynd að minni eftirspurn mun leiða til verðlækkunar. Á það þá sérstaklega við um jarðir sem af embættismönnum gætu verið taldar heppilegar til búvöruframleiðslu.

Markmið þessa frumvarps eru mjög huglæg og illa skilgreind. Hvenær er fæðuöryggi tryggt? Hverjir eru hagsmunir komandi kynslóða? Það að höggva gróflega í stjórnarskrárvarinn eignarrétt með þessum hætti er furðuleg nálgun á að ná þessum óskýru markmiðum.

Sé það raunverulega markmið stjórnvalda að tryggja fæðuöryggi ætti heldur að leggjast í að móta skýra stefnu í landbúnaði til lengri tíma.

Þetta frumvarp eykur mjög hættu á spillingu í kringum jarðaviðskipti. Umsögn þarf frá sveitarstjórnnum hlutaðeigandi sveitarfélags. Hagsmunir viðkomandi sveitarstjórna geta verið andstæð hagsmunum seljenda eða kaupenda jarða og komið í veg fyrir viðskipti og fer það þá eftir duttlungum örfárra einstaklinga. Þetta er takmörkun á eignarrétti sem er stjórnarskrárvarinn og helstu fórnarlömb slíkra breytinga eru bændur. Með frumvarpinu á að færa eignarréttinn til embættismanna með pólitískri forræðishyggju.

Sérstakt samþykki fyrir viðskiptum af þessu tagi skapar hættu á að fjölmiðlaumræða eða skoðanakannanir hafi áhrif á ákvarðanatöku embættismanna sem hafa enga hagsmuni af því að viðskiptin gangi í gegn. Jafnvel geta þeir haft andstæða hagsmuni.

Frekar mætti skoða að ríkið hafi forkaupsrétt á jörðum.

F.h. Varplands ehf.
Guðmundur H. Jónsson
Stjórnarformaður